

LANDPÓSTURINN

1. tbl. 8. árg. febrúar 1996 • Fréttabréf Félags landfræðinga
Pósthólf 5391 • 125 Reykjavík • Ábú.: Kristinn Einarsson

KVÖLDFYRIRLESTUR

Mat á umhverfisáhrifum þriðjudaginn 27. febrúar 1996

Fundur verður haldinn í Félagi landfræðinga í stofu 102 í Lögbergi þriðjudagskvöldið 27. febrúar 1996 kl. 20:00.

Þar mun Ásdís Hlökk Theodórsdóttir landfræðingur og skipulagsfræðingur hjá Skipulagi ríkisins halda erindi um mat á umhverfisáhrifum. Fyrir mörgum er fyrirbærið enn hálfgerið útskuorð, en eins og Ásdís Hlökk mun koma inn á, er hér um bæði þarfa og spennandi nýjung að ræða, sem ekki síst landfræðingum er nauðsynlegt að kunna góð skil á.

Ráðstefna, aðalfundur og árshátíð 1996

Stjórn félagsins hefur ákveðið að halda uppi dagskrá í heilan dag, og afgreiða bæði árlega ráðstefnu, aðalfund og árshátíð föstudaginn 15. mars 1996. Vonast er til að sú nýbreytni auki félaginu styrk og þor, og falli félagsmönnum auk þess vel í geð.



Inga Ingibjörg Guðmundsdóttir
Bröttubrekku 1
200 Kópavogi

RÁÐSTEFNA 1996

Félag landfræðinga mun standa fyrir ráðstefnu um byggðapróun undir heitinu

"Fólkið flytur, hvert og hvers vegna ?"

Ráðstefnan verður í Norræna húsinu föstudaginn 15. mars 1996, kl. 9.00-16.00. Þetta er fjórða ráðstefna félagsins og er hún öllum opin. Þátttöku þarf að tilkynna til Önnu Dóru í síma 564 4161 fyrir 13. mars.

Þátttökugjald er 1.200- krónur og er léttur hádegisverður innifalinn.

Drög að dagskrá :

- kl. 09.00 Skráning og setning.
- kl. 09.30 Valinkunnur alþingismaður: *Tillaga til þingsályktunar um aðgerðir til að treysta byggð á Íslandi.*
- kl. 09.55 Sigurður Guðmundsson skipulagsfræðingur Byggðastofnun: *Þróun byggðar á Íslandi.*
- kl. 10.20 Kaffitími
- kl. 10.40 Bjarni Reynarsson landfræðingur Borgarskipulagi Reykjavíkur: *Þróun byggðar á höfuðborgarsvæðinu.*
- kl. 11.05 Páll Benediktsson landfræðingur og fréttamaður Sjónvarpinu: *Áhrif fjölmiðla á búsetu og flutninga fólks.*

- kl. 11.30 Guðni Baldursson, Hagstofu Íslands: *Túlkun mannfjöldatalna.*
- kl. 11.55 Matartími
- kl. 13.00 Valtýr Sigurbjarnarson landfræðingur Byggðastofnun Akureyri: *Atvinnumál og þróun byggðar.*
- kl. 13.25 Sigríður Haraldsdóttir landfræðingur Landlæknisembættinu: *Áhrif heilbrigðisstefnu á byggðamynstur.*
- kl. 13.50 Sigurður Sigursveinsson skólameistari Fjölbrautarskóla Suðurlands: *Áhrif skólamálastefnu á byggðamynstur.*
- kl. 14.15 Jón Gauti Jónsson: *Kostir og gallar við mismunandi búsetusvæði ?*
- kl. 14.40 Guðrún Ólafsdóttir landfræðingur, dósent í Háskóla Íslands: *Fólksflutningar og kynferði.*
- kl. 15.05 Kaffitími
- kl. 15.25 Leynigestur ráðstefnunnar: *Samantekt — hvert stefnum við svo ?*
- kl. 15.50 Fundarslit

AÐALFUNDUR 1996

Aðalfundur Félags landfræðinga árið 1996 verður haldinn að lokinni ráðstefnu félagsins föstudaginn 15. mars 1996 kl.

16:10-17:00 í Norræna húsinu. Venjuleg aðalfundarstörf skv. 5. grein félagslaga: a) Skýrsla formanns, b) Endurskoðaðir ársreikningar félagsins lagðir fram, c) Kosning fimm manna stjórnar. (Formaður skal kosinn sérstaklega til eins árs í senn. Kjörtímabil annarra stjórnarmanna er tvö ár og ganga tveir árlega úr stjórninni. Stjórnin skiptir að öðru leyti með sér verkum), d) Kosning tveggja endurskoðenda, e) Félagsgjöld ákveðin, f) Lagabreytingar, g) Önnur mál.

Árshátíð Félags landfræðinga 1996

Árshátíð félagsins verður haldin föstudagskvöldið 15. mars í **SKÍÐASKÁLANUM Í HVERADÖLUM**. Safnast verður saman til rútuferðar á Grensásvegi framan við Litaver kl. 19.30 og farið upp í Skíðaskála. Þar sér hljómsveit hússins um tónlistarflutning og boðið verður upp á þriggja rétta kvöldverð.

- Forréttur: Ferskt salat með blönduðu sjávarfangi og reyktri lundabringu.
- Aðalréttur: Piparsteiktur lambavöðvi með mildri piparsósu, borið fram með fersku grænmeti og hnetusteiktum kartöflum.
- Eftirréttur: Súkkulaðiterta með 'Grand Marnier' sósu.

Verð á framangreindu, auk rútuferðar til baka á sama stað, er kr. **2.900** á mann. Athugið að **nauðsynlegt er að tilkynna þátttöku í síðasta lagi 8. mars 1996 til Önnu Dóru í síma 564 4161.**